

# Eystrahorn

37. töl. 38. árgangur

Fimmtudagurinn 22. október 2020

www.eystrahorn.is

## Sveitarfélagið Hornafjörður hlýtur jafnlaunavottun

Nú í vikunni hlaut sveitarfélagið Hornafjörður jafnlaunavottun.

„Undirbúningur fyrir vottun hefur staðið yfir í rétt rúmt ár“ segir Sverrir Hjálmarsson, mannauðs- og gæðastjóri sveitarfélagsins, en hann hefur leitt vinnuna og þróað það jafnlaunakerfi sem nú hefur verið innleitt.

Á heimasíðu stjórnarráðsins stendur að meginmarkmið jafnlaunavottunar sé að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Jafnlaunavottun var lögfest í júní 2017 með breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Samkvæmt lögnum skal jafnlaunavottun byggjast á Jafnlaunastaðlinum ÍST 85. Með innleiðingu hans geta fyrirtæki og stofnanir komið sér upp stjórnunarkerfi sem tryggir að málsmeðferð og ákvörðun í launamálum byggist á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun. Faggiltur vottunaraðili metur hvort öll skilyrði staðalsins hafi verið uppfyllt og þar með unnt að veita viðkomandi fyrirtæki eða stofnun jafnlaunavottun.



„Við vinnuna var meðal annars könnuð staða launasetningar innan sveitarfélagsins með tilliti til kynbundins launamunar“ segir Sverrir. „Launagreiningin, sem unnin var af Ráðum ehf. leiddi í ljós að kynbundinn launamunur hjá sveitarfélaginu mælist nú aðeins 0,9%, konum í hag. Það verður að teljast frábær árangur enda gefur greiningin til kynna að við séum á réttri leið í jafnréttismálum. Við erum stolt af þessum áfanga og þeirri viðurkenningu

sem í vottun felst á starfsháttum sveitarfélagsins. Nú er það sameiginlegt verkefni okkar sem hjá Sveitarfélaginu störfum að viðhalda þessum



JAFNLAUNAVOTTUN  
2020 - 2023

góða árangri“ segir Sverrir að lokum.

## Hugum að heilsunni #verumhraust



Góð hreyfing er ekki  
mæld út frá svita,  
hitaeiningum eða  
harðsperrum.

#verumhraust

Sumir hlutir fást ekki keyptir úti í búð, ekki einu sinni í nýjstu vefverslunum. Þar á meðal eru hreysti og heilsa. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands - ÍSÍ fer nú af stað með skilaboðin #verumhraust á samfélagsmiðlum.

ÍSÍ hvetur alla landsmenn til að sýna frumkvæði og sköpunargleði við að efla líkamlega og andlega heilsu sína á tímum kyrrsetu og tímabundinna takmarkana. Ótal aðferðir eru fyrir hendi, hreyfingu má stunda á hinum ýmsu stöðum og í margvíslegri mynd, utan dyra og innan, að viðhöfðum ítrustu sóttvörnum. Benda má á göngutúra, útihlaup, styrktaræfingar, stafagöngur, fjallaferðir, línuskauta, hjóltreiddar, sjósund, heimajóga eða þolfimi, en listinn er sannarlega lengri.

Þegar takmörkunum á íþróttastarfsemi hefur verið aflétt hvetjum við landsmenn svo til að prófa hinar ýmsu greinar skipulagðrar íþróttastarfsemi, en innan ÍSÍ eru 33 sérsambönd og þar eru stundaðar yfir 50 viðurkenndar íþróttagreinar.

Hvatningarátakið

#verumhraust

er vissulega sett í gang vegna heimsfaraldurs. Yfirvöld heilbrigðismála hafa lagt á það ríka áherslu að þjóðin stundi almenna hreyfingu og að gott heilsufar skipti máli í orrustu við smitsjúkdóma – en átakið hefur ekki síður það langtímamarkmið að markviss hreyfing verði hluti af daglegu lífi sem allra, allra flestra.

Það má bæta heilsuna með því að þora, nenna og vilja. Athugaðu möguleikana í kringum þig, taktu tillit til eigin þarfa og getu og njóttu þess að beita kröftum, fimi og seiglu. Velliðanin sem fylgir er óviðjafnanleg og betri heilsa eykur lífsgæði.

Verum hraust – og deilum myndrænni hvatningu undir #verumhraust á samfélagsmiðlum, svo allir hinir taki líka við sér.



## HAFNARKIRKJA

Jól í skókassa

Minum að hægt er að skila skókössum í Hafnarkirkju miðvikudaginn 28. október milli klukkan 12:00-15:00.

Hægt er að lesa sér til um hvað eigi að vera í skókössunum á slóðinni

<https://www.kfum.is/skokassar>

## FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA SAMVERUSTUND



föstudaginn 23. október kl. 17:00  
Frissi og Eva verða með myndasýningu frá Austur-Evrópulöndum m.a. frá Chernobyl. Gætum að sóttvörnum. Munið grímuskyldu, handþvott og sprittun.



FRÆDSLUNETIÐ  
Símennitun á Suðurlandi  
Lærunum allt lífið



HÁSKÓLAFÉLAG  
SUÐURLANDS

## Náms- og rannsóknarstyrkur

Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands auglýsir eftir umsóknum um **náms- og rannsóknarstyrk** fyrir árið 2020. **Úthlutað verður kr. 1.600.000 í styrki þetta árið.**

Styrkurinn er ætlaður námsfólki sem vinnur að rannsóknarverkefni til lokaprófs á háskólastigi. Verkefnið skal tengjast Suðurlandi og þjóna ótvíræðum atvinnu- og/ eða fræðilegum tilgangi fyrir Suðurland eða hluta Suðurlands.

Umsóknarfrestur er til 9. nóvember nk. og skulu umsóknir vera sendar á netföngin [eyjolfur@fraedslunet.is](mailto:eyjolfur@fraedslunet.is) eða [sigurdur@hfsu.is](mailto:sigurdur@hfsu.is).

Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna á [www.fraedslunet.is](http://www.fraedslunet.is) og [www.hfsu.is](http://www.hfsu.is).

## HITAVEITU & RAFMAGNS- OFNAR Í ÚRVALI



Handklæðaofnar.is



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933  
Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson  
Netfang: .....tjorvi@eystrahorn.is  
Prófaralestur.... Guðlaug Hestnes  
Umbrot: ..... Tjörvi Óskarsson  
Prentun: ..... Litlaprent  
ISSN 1670-4126

## Eystrahorn

### Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur velkomnir í hópinn.

HLS ehf.  
Rnr. 0537-14-409068  
Kt. 500210-2490

Nú fást **Volare** vörurnar hjá Flikk hárgreiðslustofu.

*Náttúrulegar húð- og heilsuvörur*

Volare

f l i k k

## Vinum saman

Samstarf Stöðvar 2, Körfu-  
knattleikssambands Íslands (KKÍ)  
og Sindra.

Nú gefst Sindramönnum nær og  
fjær að styrkja starf körfunnar án  
aukagagna og fá í staðinn besta  
sætið þegar kemur að íþróttum.  
Annars vegar er hægt að gerast  
áskrifandi að Stöð 2 Sport Ísland  
og skrá sig sem Sindramann. Hins  
vegar geta þeir sem þegar eru með áskrift að Stöð 2 sport  
pakka gert hið sama. Í báðum tilfellum fær okkar félag 1078 kr  
á mánuði fyrir hverja selda áskrift á binditímanum.

Stöð 2 Sport Ísland kostar 3.990 kr./mán. og forsenda fyrir  
því að viðskiptavinur geti styrkt sitt íþróttafélag er binding til  
1. júní 2021. Skráning á [www.stod2.is/vinnumsaman](http://www.stod2.is/vinnumsaman)

Þeir sem eru þegar áskrifendur að öðrum sportpökkum hjá  
Stöð 2 geta styrkt Sindra með því að fara inn á mínar síður hjá  
Vodafone undir Sjónvarpsáskrift-breyta-styrkja mitt félag og  
velja Sindra eða hringja í 1817 til að fá aðstoð. <https://minar.vodafone.is/innskraning/eid>



**VINNUM SAMAN**

Tryggðu þér áskrift að **Stöð 2 Sport Ísland**  
fyrir aðeins **3.990 kr./mán** og styrktu þitt lið  
Hver áskrift gefur lönu þínu 1.078 kr.

**SPORT** Nánar á [stod2.is/vinnumsaman](http://stod2.is/vinnumsaman)

**upplausn**

**HEIMASÍÐUR  
UMBROT OG AUGLÝSINGAR**

Hafðu samband:  
[tjorvi@upplausn.is](mailto:tjorvi@upplausn.is)  
eða í s: 848-3933

## Veira, eldgos eða flóðbylgjur

Við glímum sem samfélag við eignatjón,  
fjártjón og manntjón á ári hverju. Í  
forgangi er að koma í veg fyrir manntjón.  
Það hefur orðalítið verið samþykkt  
sem ein megin manngildishugsjón  
okkar. Það er líka megin markmið  
söttvarnaaðgerða, björgunaraðgerða  
á sjó og landi, brottflutningsáætlana  
vegna náttúruvárs osfrv. Slík viðbrögð  
reyna á samheldni, þolinmæði og  
þrautseigju. Þau eru unnin fyrst í kapp  
við framvindu ógnarinnar, af öryggi,  
og greitt úr afleiðingunum samhliða,  
eftir getu. Svo enn betur þegar um  
hægist. Fyrirsjáanleiki og langtímaáætlun eru talsýnir. Viðbrögðin  
eru ekki unnin samkvæmt kaldrifuðum útreikningi á “mögulegum  
heilðaráhrifum aðgerðanna til langs tíma á efnahag þjóðarinnar”. Það  
gengur ekki upp gagnvart þeim sem treysta á aðstoð og björgun.  
Viðbrögðin eru fjár-, mannafla- og tímafrek vörn við vanni og felast  
í breytilegri vástjórnun og aðlögun að aðstæðum, ógnarinnar vegna,  
viku eftir viku á meðan ástandið varir. Eignatjón og fjártjón er glímt  
við samhliða en er ekki í fyrsta sæti. Reynt að lágmarka og bæta slík  
tjón eftir því sem unnt er án þess að mannlátum fjölgi þess vegna.

Hugmyndir um önnur gildisviðmið eiga ekki við og munu ekki  
ná meirihlutafylgi í landinu, þrátt fyrir gagnrýni á aðgerðir og  
starfshætti heilbrigðisþjónustunnar og stjórnvalda. Gildisviðmiðin  
birtast til dæmis í hugmyndum um að ná hjarðónæmi eða slaka mjög  
á viðbrögðunum þrátt fyrir að 20-25% íbúa séu í mesta áhættuhópi,  
algeng og langvinn eftirköst eftir kórónuveikina og þátt fyrir  
núverandi álag á velferðar- og heilbrigðiskerfin. Hollt er að horfa  
til spænsku veikinnar 1918-19. Þá bjuggu hér um 92.000 manns,  
heilbrigðisþjónustan var fámenn og barn síns tíma, veiran skæð,  
húsakostur misjafn og innviðir veikir. Mörg þúsund manns veiktust,  
þjáðust og þraukuðu heima fyrir; flestir um 500 manns, sem létust,  
dóu þar. Allmargir jöfnuðu sig seint eða aldrei. Sjálfboðaliðar reyndu  
að aðstoða heilbrigðisyfirvöld og stjórnvöld mánuðum saman. Þessu  
til viðbótar gengu tveir flensufaraldrar yfir með veikindum og mjög  
líklega mannlátum.

Mér sem starfandi stjórnáamanni ber að fylgja þeim  
manngildishugsjónum sem við flest aðhyllumst og fylgjum í verki  
eins og nú er gert. Get sem vísindamaður sett mig inn t.d. inn í nýja  
Skaftárelda og séð fyrir mér sömu afstöðu og sömu megin vinnubrögð.

Ari Trausti Guðmundsson  
þingmaður VG



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**



### Lumar þú á verkefnum?

- Þarftu að láta líma á öskjur ?
- Hefta saman pappíra ?
- Áttu eitthvað sem þarf að flokka eða pakka?
- Er eitthvað annað sem þér dettur í hug ?

Við gætum gert þetta fyrir þig.

Endilega hafið samband við:

Kolbrúnu Reynisdóttur, þroskajálfa- og verkefnisstjóra  
hjá Heimabjónustudeild Hornafjaðrar í síma 470-8019  
eða á netfangið [kolbrun@hornafjordur.is](mailto:kolbrun@hornafjordur.is)

# Alla leið á öruggari dekkjum



Nýtt

## Cooper Discoverer Snow Claw

Hannað fyrir krefjandi vetraraðstæður  
Mjúk gúmmiblanda fyrir hámarksafköst  
við lágt hitastig  
Afburðagott grip, neglanlegt  
SWR og 3PMS merking



## Cooper Weather-Master WSC

Öflugt og gott grip við erfiðar aðstæður  
Mikið skorið og stefnuvirkt mynstur  
fyrir jeppa og jepplinga  
Flott dekk fyrir íslenskt veðurfar



## Cooper WM SA2+

Míkróskorin óneglanleg  
vetrardekk  
Afburða veggrip og stutt  
hæmlunarvegalengd  
Mjúk í akstri með góða  
vatnslosun

Notaðu  
N1 kortið ...



Verslun N1  
Vesturbraut 1, Höfn, 478 1940

N1

ALLA LEIÐ